



MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: Ungbarnadeildir í sjálfstætt reknunum leikskólum með samning við Reykjavíkurborg vegna barna á aldrinum 18 mánaða til 6 ára

I Forsaga málsins

Skóla- og frístundasvið hefur haft til skoðunar hvort til greina komi að sjálfstætt reknir leikskólar í Reykjavík með samning við Reykjavíkurborg um framlag vegna barna á aldrinum 18 mánaða til 6 ára verði heimilað að opna ungbarnadeild í leikskólunum.

Upphaf málsins má rekja til þess að opnaðar hafa verið ungbarnadeildir við 10 leikskóla Reykjavíkurborgar auk þess sem einn rekstraraðili sjálfstætt rekens leikskóla hefur óskað eftir að bæta við ungbarnadeild.

Skóla- og frístundasvið er með tvær tegundir af samningum við sjálfstætt rekna leikskóla í Reykjavík. Annars vegar er um að ræða samning við leikskóla um inntöku barna frá 18 mánaða til 6 ára. Greitt er rekstrarframlag sem byggt er á fjárhagsáætlun borgarrekinnna leikskóla að viðbættri fjárhæð vegna sameiginlegs kostnaðar borgarrekinnna leikskóla sem ekki er áætlaður á borgarrekna leikskóla. Til frádráttar kemur mánaðarleg hámarksgreiðsla foreldra skv. gjaldskrá við leikskóla borgarinnar margfölduð með 1,15 vegna barna á aldrinum 18 mánaða til 6 ára. Hafi leikskólar sem starfa samkvæmt þessum samningi tekið inn yngri börn er 18 mánaða hefur greiðsla vegna þeirra verið samsvarandi greiðslum vegna barna hjá dagforeldrum. Fjöldi sjálfstætt rekinna leikskóla með samning vegna barna á þessum aldri er þrettán auk þess sem tveir sjálfstætt reknir grunnskólar eru með leikskóladeildir fyrir fimm ára börn.

Hins vegar er um að ræða samninga við ungbarnaleikskóla sem innrita börn frá 6/9 mánaða aldri. Greitt er sama framlag og til leikskóla með samning vegna barna á aldrinum 18 mánaða til 6 ára nema að til frádráttar kemur mánaðarleg hámarksgreiðsla foreldra skv. gjaldskrá við leikskóla borgarinnar margfölduð með 2,15. Fjórir sjálfstætt reknir leikskólar eru með samning vegna barna á þessum aldri.

Reykjavíkurborg hefur opnað ungbarnadeildir við 10 leikskóla borgarinnar. Viðmið um hvenær börn fá boð um leikskóladvöl hefur verið lækkað úr tveggja ára í 18 mánuði og tekist

hefur að innrita yngri börn en framangreint viðmið kveður á um. Fækkun eldri barna á leikskólaaldri hefur gefið aukið svigrúm til að innrita yngri börn í þá leikskóla þar sem rými hefur skapast.

II Tillaga varðandi fyrirkomulag

Með vísan til þess sem að framan er rakið er lagt til að sjálfstætt reknum leikskólum í Reykjavík með samning við Reykjavíkurborg vegna barna á aldrinum 18 mánaða til 6 ára og sem eftir því óska verði heimilað að setja á fót ungbarnaeild fyrir börn frá 12 mánaða aldri.

Gerður er fyrirvari um að uppfyllt séu viðeigandi skilyrði vegna starfseminnar, svo sem að fyrir liggja rekstrarleyfi í samræmi við starfsemina og að hver og ein umsókn um opnun ungbarnaeildar og aukin framlög þarf að fara fyrir skóla- og frístundaráð og borgarráð til samþykktar.

Það er forsenda að nýting á plássum samkvæmt rekstrarleyfi aukist að lágmarki sem nemur 2/3 þeirra barna sem áætluð eru á ungbarnaeildina. Tryggt verði að þrátt fyrir opnun ungbarnaeildar verði fylgt kennitöluröð við innritun með þeim hætti að elstu börn verði innrituð fyrst. Greiðslur vegna barna yngri en 18 mánaða verði með sama hætti og samkvæmt samningi skóla- og frístundasviðs við sjálfstætt rekna ungbarnaleikskóla.

Innritun í ungbarnaeildir fer eftir sömu reglum og ef um borgarrekna leikskóla er að ræða en þar gildir m.a.:

„Börn, sem hefja dvöl á ungbarnaeildum, geta hafið leikskóladvöl allt frá 12-24 mánaða aldri og er miðað við að þau flytjist á deild fyrir eldri börn innan sama leikskóla um þriggja ára aldur. Börn innritast á ungbarnaeildir eftir kennitölu, þau elstu fyrst, enda uppfylli þau aldursviðmið deildarinnar“.

Samkvæmt samningi Reykjavíkurborgar við sjálfstætt rekna leikskóla skulu þeir taka mið af innritunarreglum Reykjavíkurborgar eins og fram kemur í reglum skóla- og frístundasvið um leikskólaþjónustu. Þeir eru einnig skuldbundnir til að upplýsa skóla- og frístundasvið um reykvísk börn á biðlista leikskólans og hvort foreldrum hafi verið boðið leikskólapláss fyrir barn.

Til framtíðar litið verður tekið til skoðunar hvort gerðar verði breytingar á framlögum til sjálfstætt rekinnna leikskóla með samning um framlag vegna barna á aldrinum 6/9 mánaða til 36 mánaða hvað þetta varðar.

III Fjárhagsleg áhrif

Meðfylgjandi er yfirlit yfir rekstrar- og húsnæðisframlag til sjálfstætt starfandi ungbarnaleikskóla vegna barna á aldrinum 6/9 mánaða til 36 mánaða en þar eru upplýsingar fjárhæð framlags með hverju reykvísku barni.

Ekki liggur fyrir hvort eða í hvaða mæli umsóknir munu berast um breytingar á rekstri og því ekki unnt að áætla kostnað. Gert er ráð fyrir auknu fjármagni í fjárhagsáætlun Reykjavíkur vegna ársins 2019 vegna fjölgunar leikskólarýma vegna yngstu barnanna.